

Skýrsla stjórnar Foreldrafélags Fossvogsskóla 2018-2019

Starfsárið hófst með aðalfundi þann 11. september 2018. Um 30 félagar voru mættir. Skýrsla stjórnar var flutt, reikningar bornir upp og samþykktir og ákveðið 2.000 kr félagsgjald. Að loknum aðalfundi hélt dr. Erna Sif Arnardóttir mjög áhugavert og þarft erindi um bætтар svefnvenjur fjölskyldna.

Í stjórn voru kosin Elfa Þöll Grétarsdóttir, Guðrún Lára Skarphéðinsdóttir, Karl Óskar Þráinsson, Unnur Björnsdóttir, Eyþóra Hjartardóttir og varamenn Alma Bjarnadóttir og Guðrún Þorgrímsdóttir en Guðrún baðst síðar um haustið lausnar frá störfum vegna anna. Á fyrsta stjórnarfundum skipti stjórnin með sér verkum, Elfa Þöll formaður, Karl Óskar gjaldkeri og Unnur ritari. Á vorönn skipti stjórn aftur með sér verkum, tók þá Karl Óskar við formennsku, Unnur við gjaldkerastarfi og Eyþóra tók að sér verkefni ritara.

Bekkjarfulltrúafundur var haldinn í október. Á hann kom Sigríður Björk Einarsdóttir framkvæmdastjóri SAMFOK, samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík og kynnti hlutverk bekkjarfulltrúa og við ræddum við hana m.a. um áskoranir sem standa frammi fyrir bekkjarfulltrúum stórra árganga í teymiskennslu. Tók stjórn þá áskorun til sín.

Skipuleg forvarnarfræðsla fór fram í 5. bekk í október. Maggi Stef. sá um hana en ABC barnahjálpar borgar þessa fræðslu. Fleiri verkefni voru á áætlun en voru slegin af vegna breyttra aðstæðna á vorönn skólans og áherslur í starfi stjórnar breyttust eins og lýst er síðar.

Aðventustund foreldrafélagsins var haldin í nóvember, óvenjusnemma, en það skapaðist af því að við fylgdum aðventustund Kvistaborgar sem ákveðin var svona snemma. Þátttaka var mjög góð og góð stemmning myndaðist. Bekkjarfulltrúar tóku mjög virkan þátt í framkvæmdinni og kunnum við þeim bestu þakki fyrir.

Vorhátíðin var haldin með óhefðbundnu sniði við skólalok í júní. Við fengum svæði í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum til afnota og öll börn fengu dagpassa í öll tæki á svæðinu. Var vel mætt á hátíðina í blíðviðri og virtust allir skemmta sér hið besta.

Flutningur skólastarfsins vegna framkvæmda í skólahúsnæðinu setti starfsáætlun stjórnar úr skorðum. Engin aðstaða var lengur fyrir hendi til að halda viðburði eða fundi. Þess í stað lagði stjórnin áherslu á að fylgjast vel með framkvæmd breytinga á starfsemi og fyrirhuguðum framkvæmdum í kjölfarið. Fulltrúar foreldra í skólaráði sátu alla skipulagða fundi ráðsins og nokkra utan skipulags. Öllum fyrirspurnum og áhyggjum foreldra var fylgt eftir í skólaráði og stjórn foreldrafélagsins haldið upplýstri um gang mála.

Stjórnin vann að fjölmörgum verkefnum á skólaárinu. Fulltrúi félagsins sat fundi Foreldraþorpsins og tók þátt í undirbúningi og framkvæmd tveggja funda sem Foreldraþorpið stóð fyrir og voru opnir öllum foreldrum. Foreldraþorpið er regnhlífisamtök foreldrafélaga í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum. Hlutverk þess er að fræða foreldra. Fyrri fundur vetrarins bar yfirskriftina Byrgjum brunninn og var vakning til foreldra um mikilvægi forvarna og hlutverk foreldra í þeim. Seinni fundurinn bar yfirskriftina Áhrif kláms á sjálfsmynd og kynhegðun barna og unglinga. Þar var m.a. fjallað um verkefni Stígamóta Sjúk ást og kynhegðun og sjálfsmynd ungs fólks. Rúsínan í pylsuendanum var frábært leikatriði með ungmennum úr sýningunni *Fyrsta skiptið* í Gaflaraleikhúsinu.

Nokkur námskeið fyrir nemendur voru haldin í skólanum eftir hefðbundinn skóladag. Foreldrafélagið stendur ekki fyrir þeim en hefur stundum milligöngu um að koma námskeiðshöldurum í samband við stjórnendur og kynnir námskeiðin meðal foreldra. Skólastjórnendur hafa ítrekað lýst yfir vilja til þess að hýsa hvers konar námskeið fyrir nemendur skólans og eru foreldrar hvattir til þess að benda áhugaverðum námskeiðshöldurum á þennan kost.

Haldnir voru tveir fulltrúaráðsfundir hjá SAMFOK á árinu, auk aðalfundar. Mættu fulltrúar félagsins á þá alla og að venju upplífandi að hitta stjórnendur í öðrum félögum og skiptast á hugmyndum.

Verkefnið *Betri Bústaðir* er samstarfsverkefni allra sem koma að börnunum okkar í hverfinu. Þetta eru skólastjórnendur, foreldrafélög, Víkingur, skátarnir, kirkjan og Kringlumýri frístundastarf. Veruleg vinna fór fram sl. vetur við að undirbúa stórt fræðsluverkefni um mikilvægi svefns og hættur orkudrykkja og rafretta (Vape). Foreldrar munu frá nánari kynningu á þessu verkefni á næstu vikum.

Fulltrúar foreldra í skólaráði áttu venju fremur erilsaman vetur. Eftir rólega og hefðbundna haustönn urðu veðrabrigði. Skólastarfið var flutt úr skólanum frá mars fram á sumar í íþróttamiðstöðvar í Laugardal eins og flestum er kunnugt. Skólaráði var haldið upplýstu á öllum stigum málsins og fjöldi aukafunda var haldinn, bæði í aðdraganda flutnings og svo á framkvæmdatíma. Á öllum fundum og í öllum samskiptum fyrir hönd skólaráðs gekk skólastjóri fram fyrir skjöldu fyrir hönd nemenda og starfsfólks. Það er ljóst hverjum sem það vill kynna sér að betri kempa var vandfundin til að leiða þetta erfiða verkefni. Öllum skólaráðsfundum hefur verið gerð skil í fundargerðum skólaráðs og eru foreldrar hvattir til þess að kynna sér þær, ásamt fundargerðum stjórnar foreldrafélagsins sem einnig eru aðgengilegar þar. Helga Dögg Björgvinsdóttir, sem hefur verið fulltrúi foreldra í skólaráði 5 undangengin ár, dregur sig nú í hlé og þakkar stjórnin henni kærlega fyrir drjúgt og óeigingjarnt framlag fyrir hönd barnanna okkar allra.

Foreldrafélagið hefur átt í miklu og góðu samstarfi við skólastjórnendur í ár líkt og undanfarin ár. Eftir að ljóst var að skólastarfið flytti úr stað og yfir allan framkvæmdatímann breyttist eðli og tíðni samskiptanna og bar þar aldrei skugga á. Stjórn foreldrafélagsins var ávallt tilbúin til aðstoðar ef þörf krefði og fylgdist með stjórnendum skólans og starfsfólki lyfta Grettistaki við að viðhalda skólastarfi við ótrúlegar aðstæður. Stjórn færir starfsfólki skólans og stjórnendum sínar bestu þakkir fyrir úrræðasemi, seiglu, jákvæðni og kjarkinn til að takast á við risastórt verkefni. Stjórnin býður Ingibjörgu Ýr Pálmadóttur velkomna til starfa sem skólastjóri og óskar Aðalbjörgu Ingadóttur, fráfarandi skólastjóra, jafnframt velfarnaðar í nýju starfi.

Alma Bjarnadóttir, sem hefur setið í stjórn félagsins undanfarin ár er einnig á förum úr stjórn og þakkar stjórnin henni kærlega fyrir hennar framlag. Stjórn foreldrafélags Fossvogsskóla þakkar foreldrum enn fremur fyrir umboð sitt undanfarið starfsár og vonar að foreldrar séu sáttir við störf hennar.

Reykjavík, 1. október 2019

Karl Óskar Þráinsson
formaður